

Aðalfundur Golfklúbbsins Setbergs.

Haldinn 08.12.2015, kl: 20.00 í sal eldri borgara í Hafnarfirði, Hraunseli.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður setti fundinn kl 20.00 og stakk upp á Þórarni Sófussyni sem fundarstjóra og Gunnlaugi Guðjónssyni sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða.

Mættir á fundinn voru 35 félagar.

2. Skýrsla formanns.

Högni Friðþjófsson flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2015. Var helstu atriðum dreift með ársskýrslu. Formaðurinn kom víða við og greindi frá öllu því helsta sem gerst hefði á síðasta ári:

Það helsta sem kom fram í orðum formannsins var:

- a) Stutt yfirlit um ástand á vellinum.
- b) Félagar í upphafi árs 480. Undir lok ársins voru þeir 460.
- c) Aðsókn í mót hefði minnkað á árinu.
- d) Rekstrarniðurstaða ársins hefði verið í samræmi við fjárhagsáætlun.
- e) Keypt hefði verið ný kúlu vél fyrir æfingarsvæðið.
- f) Keyptur hefði verið skrifstofugámur til að bæta aðstöðu starfsmanna.
- g) Pallurinn sunnan við skálann hefði verið stækkaður.
- h) Félagsstarfið hefði verið með ágætum. Ræddi hann hugmyndir um að stofna hópa innan klúbbsins til að auka og styrkja starfið. Umræða um mikilvægi þessa hefði átt sér stað á síðasta golfþingi. Þessir hópar fengju hugsanlega ákveðna rástíma. Allir félagar gætu fundið sér stað í einhverjum hóp.
- i) Haldið hefði verið upp á 20 ára starfsafmæli klúbbsins – bæði með afmælistóti og síðan afmælisferð til La Sella á Spáni.
- j) Að búið sé að selja landið sem Setbergsvöllur er á. Nýr eigandi hefur lýst því yfir að klúbburinn geti starfað áfram þar til leyfi fæst til framkvæmda. Ekki er ljóst hversu langan tíma skipulagsferlið tekur en ekki sé óvarlegt að áætla að það taki 3 – 5 ár.

3. Skýrsla gjaldkera.

Gjaldkeri GSE Pétur Einarsson lagði fram skoðaða reikninga klúbbsins og las upp helstu niðurstöðutölur. Voru reikningarnir samþykktir samhljóða og án athugasemda.

4. Lagabreytingar.

Engar tillögur um lagabreytingar komu fram.

5. Árgjald og önnur gjöld

Ákveðið var að árgjald yrði óbreytt. Önnur gjöld verða jafnframt óbreytt.

6. Kosning formanns.

Sitjandi formaður, Högni Friðþjófsson, gaf áfram kost á sér og var hann endurkjörinn með öllum greiddum atkvæðum.

6. Stjórnarkjör.

Samkvæmt lögum félagsins dattu Þóarinn Sófusson, Pétur Einarsson og Óskar Sigurmundason úr stjórninni. Gáfu þeir allir kost á sér til endurkjörs og þar sem engin önnur framboð bárust voru þeir endurkjörnir.

Er nýja stjórnin því þannig skipuð:

Högni Friðþjófsson, Pétur Einarsson, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Björn Eysteinnsson, Óskar Sigurmundason, Þórarinn Sófússon og Karl Ísleifsson.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir þeir Einar Sigurðsson og Örn Andrésson.

7. Fjárhagsáætlun fyrir 2016.

Högni Friðþjófsson (HF) kynnti fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og fór yfir helstu kennitölur. Kom m.a. fram að tillaga stjórnar er að árgjaldið fyrir 2016 verði óbreytt eða kr. 61.500 fyrir fullorðna. Engin afsláttarkjör eru í boði, t.d. fyrir hjón o.s.frv. Það kom fram í máli formanns að iðkendum hefur fækkað hjá golfklúbbum.

Stefnt er að því á næsta ári að kaupa nýjar mottur og æfingabolta fyrir æfingasvæðið.

Hugsanlegt væri að liðurinn launatengd gjöld myndi hækka meira en áætlun gerði ráð fyrir vegna aukinnar aðkeyptrar sérfræðivinnu.

Völlurinn yrði sem fyrr ekki leigður oft út, en ef tekjur yrðu langt undir markmiði yrði þetta hugsanlega endurskoðað.

Ef samstarf yrði sem fyrr gott við golfklúbbinn Keili, gæti sú staða komið upp að félagar í Keili fengju að spila nokkra daga á árinu á Setbergsvelli.

Tannhjólareglan yrði sem fyrr í gildi en eftir 10. ágúst þá þurfa þeir sem ljúka fyrri 9 eftir kl 16.00 að fara aftur í biðröðina. Er þetta gert til þess að fleiri félagar komist að þegar daginn tekur að stytta.

8. Önnur mál.

- a) Elín Reynisdóttir spurði hvort ekki væri hægt að setja gervigras í kringum brýr og fleiri sambærilega álagspunkta. Stjórnin mun kanna möguleikann á því að fá gervigras frá aðila sem er að skipta um gras á sínum velli.
- b) HF kvatti féлага til að taka þátt í klúbbastarfi og sjálfböðastarfi – slíkt væri bæði skemmtilegt og gefandi og klúbbnum afar miklvægt. Ekki væri endalaust hægt að leita til sömu aðilanna þegar eitthvað þyrfti að gera.
- c) Elín Reynisdóttir var þeirrar skoðunar að laga þyrfti nokkra rauða teiga, s.s. tíunda og fl. HF sagðist vita af þessu vandamáli og þetta yrði með því fyrsta sem vallarstarfsmenn myndu laga næsta vor.
- d) Þórður Vagnsson spurði um árshátíð og var í framhaldinu umsvifalaust skipaður formaður árshátíðarnefndar. Fundarmenn sammála um að halda árshátíð a.m.k. annað hvert ár og ætluðu allir að hvetja féлага til þess að mæta.
- e) Heiðrún sagði að rætt hefði verið um hvort ekki væri rétt að kaupa hjartastuðtæki á Setbergsvöll – um það hefði verið rætt áður og hvort ekki mætti t.d. halda mót til að fjármagna slík kaup. HF sagði að slíkt tæki yrði keypt á næst ári – óháð því hvort sérstakt mót yrði haldið til fjáröflunar. Það væri nauðsynlegt að vera með slíkt tæki í golfskálanum. Var Valdimar beðinn að kanna málið og reyna að fá þetta á góðu verði.
- f) Herdís spurði hvort ekki væri nauðsynlegt að endurnýja GSE fánann sem væri stundum flaggað – hann væri orðinn ansi slitinn. Karl Ísleifsson sagði að sökum veðráttu og fl væri álagið slíkt, að nauðsynlegt væri að endurnýja á hverju ári. Mun hann ganga í málið. Einnig var rætt um að útvega viðhafnarfána.
- g) Spurt var um stækkun skálans – hvort það væri á döfinni. Stjórnin mun skoða möguleikann að kaupa tjald yfir pallinn. Ef til er einföld og ódýr lausn þá verður hún skoðuð.

- h) Heiðrún spurði hvort ekki væri tímabært að láta útbúa nýjar peysur með Setbergsmerkinu – langt síðan slíkt hefði verið gert. Lovísa, Herdís og Jóhanna tóku að sér að fylgja þessu máli eftir.
- i) Þórarinn Sófussón fór í stuttu máli yfir þau samskipti sem hann og HF hafa átt við Hafnarfjarðarbæ um rekstrar-og þjónustusamning þar sem GSE er félag innan ÍBH. Framlög til GSE voru skorin mikið niður og eru fulltrúar GSE að reyna að fá þessu breytt.
- j) Heiðrún spurði hvort ekki væri hægt að sækja um styrk til Garðabæjar. HF sagði að svo væri ekki – GSE væri félagi í ÍBH.
- k) Rætt var um hver ætti að laga veginn að golfskála og sagði HF að það væri á ábyrgð klúbbsins. Í framhaldinu notaði hann tækifærið og þakkaði Hauki sérstaklega fyrir mikla vinnu sem hann hefði innt af hendi fyrir GSE.
- l) Spurt var um hvernig ætti að setja myndir á Facebook. Sigrún Eir bað fólk endilega að senda stjórninni eða sér myndir. Hún mundi sjá um að koma þessu inn á Vefinn. Kvatti hún alla til að gera þetta.
- m) Spurt var um hvenær bláir hælur yrðu fjarlægðir í kringum tréin. HF sagði það ekki ljóst – sú ákvörðun yrði tekin í samráði við Axel Knútsson næsta vor.
- n) Rætt var um framtíð GSE og fl. Fór HF stuttlega yfir þetta og greindi frá því að búið væri að taka frá svæði við Hvaleyrarvatn fyrir golfvöll skv. aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar. GSE gæti sótt um svæði þar undir framtíðarstarfsemi klúbbsins.

9. Þórarinn Sófussón sleit fundi kl 21.03.

10.desember 2015.

Gunnlaugur Guðjónsson
Fundarritari aðalfundar 2015